

Landsfundur Samfylkingarinnar 2013

Stjórn málaályktun

Í kosningunum vorið 2009 varð Samfylkingin stærsti stjórnmálaflokkur landsins. Hún axlaði ábyrgð, gekk af samheldni til krefjandi verka í ríkisstjórn og á þingi og hefur risið undir trausti kjósenda.

Samtakamáttur landsmanna hefur skilað árangri. Mikilvægustu þjörgunaraðgerðunum eftir efnahagshrunið er farsælega lokið þótt enn sé verk að vinna. Gríðarlegum halla á ríkissjóði hefur verið breytt í jöfnuð. Hags þeirra sem lakast stóðu hefur verið vandlega gætt og grunnstoðir velferðarkerfisins varðar. Atvinnulíf hefur tekið við sér, starfandi höndum hefur fjölgað og hagvöxtur er aftur kominn á skrið. Árangur ríkisstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur við afar erfið skilyrði hefur vakið athygli víða um heim og forgangsröðun hennar og aðgerðir þykja til eftirbreytni.

Á næsta kjörtímabili gefst ráðrúm til að móta betra þjóðfélag til framtíðar á grundvelli þess árangurs sem náðst hefur. Kjósendur eiga skýrt val um hvert skuli stefna.

Í leið jafnaðarmanna felst að byggja hér upp opið, samkeppnishæft velferðarþjóðfélag að norrænni fyrirmynd. Þjóðfélag með traustari stjórnskipan á grunni nýrrar stjórnarskrár, þar sem vald og ábyrgð fara saman, almannahagsmunir ráða og arður af sameiginlegum auðlindum gengur til landsmanna allra. Þjóðfélag þar sem gætt er almennrar velferðar með öflugum heilbrigðis- og menntakerfi og aðstoð við þá sem á þurfa að halda. En einnig þjóðfélag heilbrigðrar samkeppni í alþjóðlegu atvinnulífi með almennum leikreglum og tryggu eftirliti, í stað umframhagnaðar í skjóli samkeppnishindrana og fákeppni. Þjóðfélag sem tekur virkan þátt í samfélagi þjóðanna, meðal annars á vettvangi Evrópusambandsins sem fullgildur aðili eins og fullvalda ríki sæmir. Þjóðfélag sem virðir náttúru landsins, þróar grænt hagkerfi, beitir sér gegn loftslagsvá og er í hópi hinna fremstu í umhverfismálum.

Áskorunin sem stjórnmálaflokkar standa frammi fyrir er að endurnýja vonina um réttlátara samfélag og trú landsmanna á framtíðina, á tækifæri og möguleika. Meginverkefnið er að tryggja fjölbreytta atvinnu, tekjur, velferð og jöfnuð í anda norrænna jafnaðarmanna og sjálfbærrar þróunar. Jöfn tækifæri allra til að njóta góðs mennta- og heilbrigðiskerfis eru aðalsmerki farsællar samfélagsgerðar og styrkja samkeppnishæfni atvinnulífsins. Þar er ekki andstæða heldur gagnkvæmur hagur. Á sama hátt er baráttan fyrir kvenfrelsi og gegn hvers kyns mismunun ekki aðeins réttlætismál heldur stuðlar hún að fjölbreytni og því að mannauður og hugvit samfélagsins nýtist sem best. Loks er hugmyndafræði sjálfbærrar

þróunar – jafnréttis kynslóðanna – ekki aðeins skynsamleg nýting á sameiginlegum gæðum jarðar heldur ófrávíkjanlegur hluti jafnréttishugsjónar jafnaðarmannaflokks á 21. öldinni.

En ákall um breytingar felur fleira í sér en stefnu að réttlátara samfélagi. Augljós þörf er fyrir bætt vinnubrögð í íslenskum stjórnámálum og nýja samskiptahætti. Þar vill Samfylkingin slá nýjan tón. Jafnaðarmenn vilja hvetja til samstarfs um mikilvæg hagsmunamál þvert á flokka og leggja áherslu á vandaða umræðu og víðtækt samráð við undirbúning mikilvægra ákvarðana.

Með þetta leiðarljós gengur Samfylkingin til kosninga stolt af árangrinum og með skýra stefnu og framtíðarsýn í öllum lykilmálaflokkum.

Forgangsröðun jafnaðarmanna í þágu velferðar

Velferðarstefna jafnaðarmanna byggist á því að jafna lífskjör og veita öllum jöfn tækifæri. Jafnaðarmenn munu áfram og ætíð forgangsraða í þágu heimila, barnafjölskyldna, þeirra sem höllum fæti standa og alls almennings fremur en sérhagsmuna. Þetta sést m.a. í stefnu Samfylkingarinnar í ríkisfjármálum og skattamálum, atvinnu- og menntamálum, og á verkum flokksins og stefnuáherslum við eflingu og endurskoðun bóta og millifærslna, fæðingarorlofs, húsnæðismála og almannatrygginga.

Aðild að Evrópusambandinu

Hagsmunir Íslands eru best tryggðir með samvinnu innan fjölþjóðlegra stofnana og bandalags þjóða. Ísland á heima í samfélagi Evrópuríkja og á að hafa þar áhrif eins og fullvalda þjóð sæmir. Það er forgangsverkefni jafnaðarmanna að halda aðildarviðræðum áfram af fullri einurð og að leggja fullbúinn samning í þjóðaratkvæði.

Ljóst er að EES samningurinn mun ekki duga til lengri tíma til að tryggja hagsmuni þjóðarinnar. Kemur það bæði til að samningurinn nálgast nú þölmörk gagnvart innlendri stjórnskipan og eins hitt að sífellt reynist erfiðara að tryggja samræmdar reglur á öllu svæðinu eftir því sem stjórnskipan Evrópusambandsins breytist.

Milliríkjaviðskipti landsins eru að langstærstum hluta við aðrar Evrópuþjóðir. Aðild að Evrópusambandinu og upptaka evru eru mikilvægasta skrefið í átt til efnahagslegs stöðuleika, hagvaxtar og betri rekstrarskilyrða fyrir heimili og fyrirtæki. Stefna að evru felur í sér afnám fjármagnshafta, ver almenning fyrir afleiðingum gengissveiflna, leiðir af sér lægri vexti og viðskiptakostnað og greiðir fyrir fjárfestingum hér á landi.

Losun fjármagnshafta verður eitt af meginviðfangsefnum næsta kjörtímabils. Æskilegt er að ná þverpólítískri samstöðu um nauðsynleg skref í því verkefni, samhliða víðtækri samstöðu um efnahagslegan stöðugleika og stöðugt gengi. Samfylkingin leggur fram varðaða leið að lokamarkinu sem felur í sér inngöngu í ERM II-myntsamstarfið og síðan upptöku evru, í samvinnu við Evrópusambandið, Evrópska seðlabankann og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

Sterkara og fjölbreyttara atvinnulíf

Velferð og jöfnuður byggjast á sterku atvinnulífi, frelsi til athafna og sem mestri samkeppnishæfni þjóðarinnar. Á sama hátt byggist sterkt atvinnulíf á góðri menntun, skilvirkri stjórnsýslu og almennri velferð. Þetta er kjarni jafnaðarstefnunnar og verður ekki í sundur slitið.

Samfylkingin leggur fram ítarlega atvinnustefnu þar sem bent er á leiðir til að bæta samkeppnishæfni og auka fjölbreytni og framleiðni íslensks atvinnulífs. Starfsumhverfi fyrirtækja þarf að vera stöðugt, fyrirsjáanlegt og án fjármagnshafta. Opna þarf samfélagið fyrir samkeppni og erlendri fjárfestingu. Hagræða þarf í innlenda þjónustugeiranum og efla alþjóðlega geirann. Lykill að því er gott menntakerfi og traustur, alþjóðlegur gjaldmiðill. Í fjárfestingaráætlun ríkisstjórnarinnar er stórauknu fé varið til mikilvægra innviða um land allt. Nýsköpun og rannsóknir eru eflar í gegnum samkeppnissjóði og stutt er við hin fjölmörgu sóknarfæri í græna hagkerfinu, skapandi greinum og ferðaþjónustu. Þannig birtist atvinnustefna jafnaðarmanna í verki.

Auðlindir í almannabágu

Þjóðaratkvæðagreiðsla um efnisatriði nýrrar stjórnarskrár leiddi í ljós afgerandi stuðning við ákvæði um ævarandi þjóðareign á náttúruauðlindum. Þar er áskilið að nýtingarleyfum verði úthlutað á jafnræðisgrundvelli til hóflegs tíma í senn og gegn fullu gjaldi. Fylgja þarf þessari niðurstöðu eftir og innleiða heildstæða umhverfis- og auðlindastefnu á forsendum sjálfbærrar þróunar þannig að þjóðin njóti arðsins af auðlindum sínum. Brýnt er að breyta stjórn fiskveiða í samræmi við ofangreind markmið og auka jafnræði í aðgangi að aflaheimildum.

Umhverfisvitund

Framundan er uppbygging græns hagkerfis með margvíslegri en sjálfbærri nýtingu auðlindanna. Að samþykktu fyrstu rammaáætluninni, sem markaði tímamót, gefst færi á að fylkja liði um önnur mikilsverð umhverfisverkefni, ekki síst í tengslum við atvinnumál og loftslagsbreytingar. Samfylkingin berst fyrir jöfnum rétti hvernar nýrrar kynslóðar til sjálfbærrar nýtingar auðlinda og umhverfis, enda er umhverfisvitund einn af meginþáttum jafnaðarstefnunnar á 21. öld.

Norðurslóð

Þróun og stefnumótun í málefnum Norðurslóða er afar áríðandi fyrir íslenska þjóð. Samfylkingin fagnar þeim aukna þunga sem þessi vaxandi málaflokkur hefur fengið undir forystu flokksins. Lögð er þung áhersla á að unnið verði að framkvæmd og þróun þessarar stefnu innan stjórnsýslunnar í góðu samráði við sérfræðistofnanir og Alþingi

Málefni ungs fólks

Jafnaðarmenn vilja samfélag sem býður fjölbreytt tækifæri til menntunar og þroska, spennandi atvinnutækifæri og góð lífskjör sem eru sambærileg við þau sem bjóðast í nágrannalöndum okkar. Til að gera þá sýn að veruleika hefur Samfylkingin sett fram sérstaka aðgerðaáætlun í málefnum ungs fólks. Þar er áhersla lögð á góð tækifæri til menntunar, hagfellt umhverfi fyrir barnafólk, jafna möguleika kynja á atvinnuþátttöku og fjölskyldulífi, fjölbreyttari valkosti í húsnæðismálum og framsækið atvinnulíf.

Mennta- og menningarmál

Jafnaðarmenn telja að tímabært sé að menntamál njóti aukins forgangs í íslenskum stjórnámálum. Með nemendamiðaðri menntastefnu fái allir nemendur tækifæri til að virkja hæfileika sína. Auka þarf stuðning við framhaldsskóla í landinu og hækka framlög háskóla til að jafna stöðu þeirra gagnvart öðrum háskólum á Norðurlöndum.

Með ítarlegri stefnu í menntamálu leggur Samfylkingin til aðgerðir til að draga út brotthvarfi nemenda úr skólakerfinu og setja í forgang framlög til verk- og tæknigreina. Samtímagreiðslur námslána verði teknar upp að nýju.

Samfylkingin vill móta aðgerðaáætlun á grunni menningarstefnu stjórnvalda þar sem birtast muni áherslur og forgangsöröðun í menningu og listum til ársins 2020.

Jafnaðarmenn vilja efla aðgang og hlutdeild skapandi greina í opinberum rannsóknar- og nýsköpunarsjóðum. Komið verði á fót sérstakri markáætlun fyrir skapandi greinar.

Ný húsnæðisstefna

Jafnaðarmenn vilja að landsmönnum bjóðist sambærilegir valkostir og öryggi í húsnæðismálum og þekkjast á hinum Norðurlöndunum. Þar er m.a. átt við fjölbreytt framboð eignar-, leigu- og búseturéttaríbúða. Að sama skapi þarf að fjölga valkostum við fjármögnun eignaríbúða, þannig að í boði séu óverðtryggð og verðtryggð lán auk millileiða á borð við verðtryggð lán með verðbótapaki. Endurskoða þarf hlutverk Íbúðalánasjóðs í þessu samhengi. Með upptöku evru í fyllingu tímans munu vextir lækka og verðtrygging hverfa.

Margt hefur áunnist í skuldavanda heimila en vandinn er enn til staðar. Jafnaðarmenn munu áfram vinna að því að draga úr vandanum með aðgerðum sem nýtast skuldsettum heimilum og fjölskyldum í greiðsluvanda. Samfylkingin er tilbúin til málefnalegrar samræðu um raunsæjar lausnir í þessu efni.

Jafnrétti, lýðræði og mannréttindi

Jafnaðarmenn benda á að umboð til stjórnarskrárbreytinga var staðfest í þjóðaratkvæðagreiðslu. Því umboði ber að fylgja eftir á grundvelli tillagna stjórnlagaráðs og niðurstaðna atkvæðagreiðslunnar. Verkefninu þarf að sigla í höfn og samþykkja nýja stjórnarskrá fyrir kosningar.

Í sóknaráætlunum landshluta og öðrum verkefnum undir merkjum Íslands 2020 er valdi dreift og heildarstefna mörkuð með skipulegum hætti. Ásamt eflingu sveitarstjórnarstigsins er með þessum áætlunum lagður grunnur að virkri byggðastefnu til framtíðar.

Kvenfrelsi og kynjajafnrétti eru meðal meginstoða jafnaðarstefnunnar. Konur og karlar skulu ekki aðeins hafa jafnan rétt að lögum heldur einnig jöfn tækifæri og jafna stöðu. Samfylkingin vinnur áfram ötullega að fullu jafnrétti kynjanna. Meðal forgangsverkefna þar eru samþætting jafnréttissjónarmiða við stefnumótun og ákvarðanatöku og barátta gegn kynbundnu ofbeldi og launamun.

Samfylkingin hefur skýra framtíðarsýn um fjölmenningslegt samfélag þar sem aðfluttir Íslendingar og afkomendur þeirra eiga ríkan þátt í því að á landinu þróist gott og gjöfult samfélag á 21. öld. Viðurkenning á mikilvægi innflytjenda er leiðarstef í aðgerðaáætlun Samfylkingarinnar í málefnum innflytjenda.

Jafnaðarmenn líta stoltir um öxl eftir eitthvert erfiðasta endurreisnarskeið í nútímasögu Íslendinga. Við erum reiðubúin til frekari verkefna í þágu lands og þjóðar. Samfylkingin – jafnaðarmannaflokkur Íslands býður fram krafta sína til forystu í næstu ríkisstjórn og samstarfs um að halda áfram uppbyggingu betra þjóðfélags á grunni jafnaðarstefnunnar á næsta kjörtímabili.